

Viðskiptaafgangur var 11,4 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2020 – hrein staða við útlönd jákvæð um 692 ma.kr.

Á fyrsta ársfjórðungi 2020 var 11,4 ma.kr. afgangur á viðskiptajöfnuði við útlönd samanborið við 50,9 ma.kr. afgang ársfjórðunginn á undan. Halli á vöruskiptajöfnuði var 18,6 ma.kr. en afgangur á þjónustujöfnuði var 24 ma.kr. Frumþáttatekjur skiluðu 14,2 ma.kr. afgangi en rekstrarframlög 8,3 ma.kr. halla (sjá töflu).

Þetta kemur fram í nýbirtum upplýsingum á vef Seðlabanka Íslands sem sýna bráðabirgðayfirlit yfir greiðslujöfnuð við útlönd á fyrsta ársfjórðungi 2020 og erlenda stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.¹

Viðskiptaafgangurinn var 32,6 ma.kr. lægri en á sama ársfjórðungi árið áður. Það skýrist aðallega af umtalsvert óhagstæðari vöruviðskiptum sem nemur 21,3 ma.kr. Munar þar mest um 26,4 ma.kr. minni útflutningstekjur, en einnig var verðmæti innfluttra vara lægra um sem nemur 5,1 ma.kr. Þjónustuviðskipti² voru óhagstæðari um 5,5 ma.kr. og frumþáttatekjur um 5,3 ma.kr. Halli rekstrarframlaga var lítillega meiri eða um 0,5 ma.kr.

Hrein staða við útlönd var jákvæð um 692 ma.kr. eða 23,3% af vergri landsframleiðslu (VLF) og batnaði um 64 ma.kr. eða 2,2% af VLF á fjórðungnum. Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 4.210 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 3.518 ma.kr. Hrein fjármagnsviðskipti bættu erlenda stöðu þjóðarbúsins um 56 ma.kr. á fjórðungnum en erlendar eignir jukust um 78 ma.kr. vegna fjármagnsviðskipta og skuldir hækkuðu um 22 ma.kr. Virði eigna og skulda jókst mikið vegna gengis- og verðbreytinga á ársfjórðungnum, en í heildina leiddu þær til 22 ma.kr. hækkunar á hreinni erlendri stöðu þjóðarbúsins. Verð á erlendum verðbréfamörkuðum lækkaði um 22,5% og á innlendum hlutabréfamarkaði um tæp 18%. Einnig lækkaði gengi krónunnar um 12,4% gagnvart helstu gjaldmiðlum miðað við gengisskráningarovog.

¹ Sjá töflur um greiðslujöfnuð og erlenda stöðu þjóðarbúsins í talnaefni í Hagtölum á www.seðlabanki.is

² [Sjá á vef Hagstofunnar.](#)

Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður (ma.kr.)

	<u>2019/1</u>	<u>2019/2</u>	<u>2019/3</u>	<u>2019/4</u>	<u>2020/1</u>
Viðskiptajöfnuður	44,0	16,3	63,9	50,9	11,4
Vöruskiptajöfnuður	2,7	-42,6	-47,2	-11,8	-18,6
Þjónustujöfnuður	29,6	51,4	102,4	55,7	24,0
Jöfnuður frumþáttatekna	19,5	14,9	15,2	10,0	14,2
Rekstrarframlög, nettó	-7,8	-7,4	-6,5	-3,0	-8,3
Jöfnuður fjárframlaga	-0,4	-0,5	-0,4	-0,6	-0,6
Fjármagnsjöfnuður	85,0	-35,5	124,9	50,3	55,8
Bein fjárfesting	27,7	26,7	6,6	33,3	48,0
Verðbréf	24,3	-102,8	93,6	79,0	-22,8
Afleiður	0,1	1,7	0,4	0,3	0,5
Önnur fjárfesting	39,9	-25,5	19,2	-67,7	17,2
Gjaldeyrisforði	-7,0	64,4	5,2	5,5	12,8
Skekkiur og vantalið, nettó	41,4	-51,3	61,5	0,1	44,9

Tafla 2. Breyting á erlendri stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga (ma.kr.)

	Staða í lok 2019/4	Fjármagns- jöfnuður	Gengis- og verðbreytingar	Aðrar breytingar	Staða í lok 2020/1
Erlendar eignir, alls	3.871	78	267	-5	4.210
Bein fjárfesting	798	10	108	-7	909
Verðbréf	1.758	10	-13	0	1.755
Afleiður*	12	1	0	0	13
Önnur fjárfesting	480	44	60	2	586
Gjaldeyrisforði	822	13	113	0	948
Erlendar skuldir, alls	3.243	22	245	9	3.518
Bein fjárfesting	1.185	-38	90	9	1.246
Verðbréf	1.333	33	72	3	1.441
Afleiður*	4	0	12	0	16
Önnur fjárfesting	721	27	71	-4	815
Hrein staða þjóðarbúsins	628	56	22	-14	692
% af VLF	21,1%	1,9%	0,7%	-0,5%	23,3%

*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.

Nánari upplýsingar veitir Ríkarður Bergstað Ríkarðsson hjá upplýsingatækni og gagnasöfnun Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.